

Fundargerð

Fundur samstarfshóps eftir kynningartíma vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Spákonu- fellshöfða

haldinn í gegnum Teams þann 19. september 2022 kl. 13-14.

Fundarmenn:

Alexandra Jóhannesdóttir, Skagaströnd
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Umhverfisstofnun
Kristín Ósk Jónasdóttir, Umhverfisstofnun
Auður Hreiðarsdóttir, arkitekt

Markmið fundar

Farið yfir innsendar athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlunina og úrvinnslu þeirra.

Fundarefni og umræður

1. Vinnuskjal leiðrétt í samræmi við þær athugasemdir sem ekki þörfuðust umræðu.
2. Rætt var um takmörkun á flugi dróna yfir varptíma skv. ábendingu Náttúrufræðistofnunar Íslands og var það sett inn í áætlunina.
3. Rætt var um staðsetningu og útlit á fyrirhuguðu fuglaskoðunarhúsi. Ákveðið var að leita álits fuglafræðings á byggingunni.
4. Áhugi er á að setja útsýnispall um miðbik Höfðans og nýta gamlar undirstöður sem þar eru. Texti í áætluninni verður yfirfarinn með tilliti til þessa. Hugmyndin er að göngustígur að pallinum verði fær fólki með fötlun.
5. Rætt var um burðarlag göngustíga og skiltagerð.

Fleira var ekki rætt.

Næstu skref

Auður uppfærir gögn vegna fuglaskoðunar húss og sendir Guðbjörgu.
Leitað verður álits fuglafræðings.
Guðbjörg fer yfir texta áætlunarinnar.
Kristín vinnur áfram kort með starfsmanni Umhverfisstofnunar.

Hópurinn fundar eftir 2. október og fer yfir lokaútgáfu áætlunarinnar.